



Íslenskur sjávarútvegur

Desember 2018

Íslandsbanki sterkur bakhjarl sjávarútvegsins

Árið 1902 var fyrsta vélin sett í íslenskan bát. Um var að ræða hefðbundinn róðrabát á Ísafirði og var sett í hann dönsk tveggja hestafla vél. Þrátt fyrir vantrú margra útgerðarmanna á þessari tilraun Ísfirðinga heppnaðist hún vel og gekk báturinn líkt og sex menn reru. Lita má á þessa framsýnu tilraun Ísfirðinga sem undanfara hinnar raunverulegu íslensku iðnbyltingar.

Íslandsbanki var stofnaður um svipað leyti, nánar tiltekið þann 7. júní 1904. Stofnun bankans hafði verið í undirbúningi í nokkur ár og var helsti tilgangur hins nýstofnaða banka að styðja við þá byltingu sem fram undan var í íslenskum sjávarútvegi. Tilraunin á Ísafirði markaði upphaf vélvæðingar íslenska fiskveiðiflotans sem þróaðist hratt í kjölfarið og voru Íslendingar á meðal fyrstu þjóða til að vélvæða allan skipaflota sinn.

Samhliða vélvæðingu flotans stigu Íslendingar annað stórt framfaraskref í togaravæðingu landsins. Fyrsti togarinn var keyptur til landsins árið 1905 og var það botnvörpungurinn Coot. Fleiri togarar komu til landsins á næstu árum, m.a. Jón forseti sem var fyrsti nýsmíðaði togarinn sem Íslendingar eignuðust. Íslandsbanki hefur ávallt verið stoltur af því að gegna lykilhlutverki í framþróun íslensks sjávarútvegs og hafa þessi tengsl bankans við greinina aldrei rofnað.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá upphafi vélvæðingar og stofnunar Íslandsbanka fyrir rúmlega 100 árum. Staða sjávarútvegs er gjörbreytt og Ísland er nú á meðal öflugustu sjávarútvegsþjóða heims. Íslandsbanki er stoltur

samstarfsaðili fjölda íslenskra sjávarútvegsfélaga og mun styðja við þau um ókomin ár.

Sjávarútvegsskýrsla Íslandsbanka hefur verið gefin út síðan árið 2003. Útgáfan er liður í því að styðja við íslenskan sjávarútveg með því að greina þróun, núverandi stöðu og horfur greinarinnar til framtíðar. Er það ósk okkar að skýrslan gefi bæði beinum og óbeinum hagsmunaaðilum heildstæða mynd af umfangi og áhrifum sjávarútvegsins á íslenskt samfélag. Einnig er okkur umhugað um að auka áhuga almennings á málefnum sjávarútvegsins og er skýrslan því aðgengileg á heimasíðu bankans. Eins og síðastliðin ár naut bankinn liðsinnis Deloitte við umfjöllun um rekstur sjávarútvegsfélaga og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.



Runólfur Geir Benediktsson
Forstöðumaður sjávarútvegsteymis
Íslandsbanka

Brot af því besta

Ertu á hlaupum? Hér nálgast þú allra helstu atriði skýrslunnar samandregin til að spara þér spörin

- Fiskeldi mun drífa áfram magnaukningu í framleiðslu sjávarafurða lítið fram á við og gerir spá OECD ráð fyrir því að fiskeldi muni í fyrsta skipti standa undir meira magni sjávarafurða en hefðbundnar fiskveiðar árið 2020.
- Frá ársbyrjun ársins 2017 hafa botnfiskafurðir hækkað mest allra sjávarafurða eða um 5,4%. Kemur það íslenskum sjávarútvegi sérlega vel enda mestu verðmæti greinarinnar fólgin í botnfiskafurðum.
- Þorskur var langverðmætasta útflutningstegundin á árinu 2017 líkt og áður en verðmæti tegundarinnar nam 84 mö.kr. eða um 42% af heildarútflutningsverðmæti greinarinnar.
- Kína er stórtækasta fiskveiðipjóð heims en þjóðin veiddi um 17,4 milljónir tonna eða um 19% af veiðum á heimsvísu árið 2017. Kínverjar veiða meira en allar fiskveiðipjóðir Evrópu samanlagt.
- Heildarafli á árinu 2017 var 1.177 þús. tonn og jókst hann um 10% frá árinu 2016 þrátt fyrir sjómannaverkfall í upphafi árs. Loðnubrestur árið 2016 er helsta ástæða þess að heildarafli jókst á síðastliðnu ári þrátt fyrir sjómannaverkfallið.
- Horfur eru á 8% aukningu í aflamagni í ár. Árið 2019 eru hins vegar horfur á tæplega 2% samdrætti í aflamagni. Kemur það til af verulegum samdrætti í aflaheimildum til veiða á uppsjávartegundum á borð við makríl, loðnu og kolmunna.
- Ísland situr í 17. sæti meðal stærstu fiskveiðipjóða heims með um 1,3% hlutdeild á heimsvísu. Í Evrópu veiðir Ísland mest á eftir Rússlandi og Noregi.
- Þrátt fyrir aukið aflamagn minnkaði verðmæti aflans um 17% á árinu 2017 frá fyrra ári, m.a. vegna styrkingar krónunnar.
- Þegar veiði Evrópulandanna er skoðuð með hliðsjón af fjölda íbúa veiðir Ísland mest á hvern íbúa næst á eftir Færeyingum.
- Á árinu 2017 lækkaði hlutfall botnfisks í heildarafla greinarinnar og var aflinn því verðminni á hvert tonn en á árinu 2016 þegar hlutfall botnfisks var rúmum 6 prósentustigum hærra.
- Verðþróun í krónum hefur verið íslenskum sjávarútvegi hagstæð undanfarið, bæði vegna hækkunar á heimsmarkaði og vegna gengisfalls krónu frá ágústlokum. Þessi þróun mun hafa áhrif á útflutningstekjur næstu misserin og gerum við ráð fyrir 15% aukningu útflutningsverðmætis í ár og tæplega 7% aukningu á næsta ári.

Brot af því besta

Ertu á hlaupum? Hér nálgast þú allra helstu atriði skýrslunnar samandregin til að spara þér spörin



- Bretland er stærsta viðskiptaþjóð sjávarútvegsins og voru fluttar sjávarafurðir að verðmæti um 31 ma.kr. þangað eða um 16% af heildarverðmæti útfluttra sjávarafurða.
- Mest af útflutningi sjávarafurða í magni fer til Noregs, eða um 123 þús. tonn sem nema um 20% af heildarútflutningi sjávarafurða. Þetta er að mestu mjöl og lýsi.
- Frystar afurðir skiluðu mestu verðmæti á árinu 2017, eða sem nemur um helmingi af heildarútflutningsverðmæti. Þrátt fyrir að magn frystra afurða hafi aukist um 40% frá árinu 2000 hefur verðmæti frystra afurða dregist saman yfir sama tímabil.
- Ferskar afurðir drógust saman um þriðjung í útfluttu magni frá árinu 2000 en útflutningsverðmæti afurðanna jókst um 82% yfir sama tímabil. Hefur verðmæti ferskra sjávarafurða á hvert tonn því aukist umtalsvert frá árinu 2000.
- Tekjur sjávarútvegsfélaga á árinu 2017 námu 225 mö.kr. og lækkuðu um 11% frá fyrra ári. EBITDA var 40 ma.kr. og EBITDA framlegð 18% eða um 4 prósentustigum lægri en á fyrra ári.
- Hagnaður sjávarútvegsfyrirtækja hefur rúmlega helmingast á árinu 2017 frá fyrra ári. Lægri tekjur af reglulegri starfsemi og minni gengishagnaður skýra samdrátt í hagnaði að mestu leyti.
- Fjárfestingarstig greinarinnar er nokkuð hátt í sögulegu ljósi og námu fjárfestingar tæpum 20 mö.kr. árið 2017.
- Fjárfesting sem hlutfall af EBITDA var 48% árið 2017 og jókst hlutfallið um rúm 9 prósentustig frá fyrra ári. Rekstur greinarinnar stendur síður undir nauðsynlegum fjárfestingum sem skýrir að hluta aukna lántöku greinarinnar.
- Opinber gjöld sjávarútvegsfélaga námu um 15,8 mö.kr. á árinu 2017 og lækkuðu um 3,6 ma.kr. vegna lægri afkomu greinarinnar. Veidigjöld hafa aukist mest frá árinu 2008 og voru á árinu 2017 stærsti hluti opinberra gjalda greinarinnar eða um 43%.

Efnisyfirlit

— Alþjóðlegur sjávarútvegur	6
Fiskeldi tekur fram úr fiskveiðum árið 2020	7
Asía veiðir rúmlega helming sjávarafurða á heimsvísu	8
Fimm þjóðir veiða rúmlega þriðjung afla á heimsvísu	9
Tvöfalt meira veitt í Kyrrahafi en í Atlantshafi	10
Rússar stærsta fiskveiðiþjóð Evrópu	11
— Íslenskur sjávarútvegur	12
Auknar botnfiskveiðar á árinu 2018	13
Horfur á 8% aukningu í aflamagni og 15% aukningu útflutningsverðmæta í ár	14
Hagstæð verðþróun sjávarafurða	15
Útflutt magn eykst en útflutningsverðmæti minnka árið 2017	19
Tækni framþróun og fækkun starfa eykur framleiðni	29
Íslenski fiskiskipaflotinn kominn til ára sinna	31
Samþjöppun í greininni eykur hagkvæmni	33
Útflutningur á eldisfiski ríflega þrefaldast frá 2014	35
— Rekstur íslenskra sjávarútvegsfélaga	36
EBITDA framlegð ekki lægri síðan 2005	37
Hagnaður rúmlega helmingast á milli ára	41
Skuldir sjávarútvegsfélaga aukast lítillega	42
Fjárfestingarstig greinarinnar hátt í sögulegu ljósi	43
Veiðigjöld næstum helmingur opinberra gjalda greinarinnar á árinu 2017	44



Alþjóðlegur sjávarútvegur



Fiskeldi tekur fram úr fiskveiðum árið 2020

Fiskeldi mun reynast vaxtarbroddur í heildarframleiðslu sjávarafurða til framtíðar


Heildarframleiðsla sjávarafurða á árinu 2017 nam 175 m. tonna. Þar af voru fiskveiðar um 53% eða 92 milljónir tonna og fiskeldi um 47% eða um 83 milljónir tonna. Mest er veitt af uppsjávarfiski eða um 38% af heildarveiðum, næst á eftir kemur svo botnfiskur (23%), skelfiskur (17%) og aðrar sjávarafurðir (13%).

Tæpir 2/3 hlutar fiskeldis eru á landi á meðan rúmur 1/3 hluti er fiskeldi í sjó. Á landi eru laxfiskar langalgengastir á meðan


skelfiskur er stærsti hluti framleiðslu fiskeldis í sjó.

Fiskeldi mun drífa áfram magnaukningu í framleiðslu sjávarafurða lítið fram á við og gerir spá OECD ráð fyrir því að fiskeldi muni í fyrsta skipti standa undir meira magni sjávarafurða en hefðbundnar fiskveiðar árið 2020.

Veiðar og fiskeldi á heimsvísu



Veiðar og fiskeldi á heimsvísu (m. tonn)



Asía veiðir rúmlega helming sjávarafurða á heimsvísu


...og evrópskar fiskveiðipjóðir um 15% þar sem Rússar eru fyrirferðarmestir

Asía er með um 55% af fiskveiðum á heimsvísu eða sem nemur 51 milljón tonna og hefur hlutdeild heimsálfunnar aukist um 13 prósentustig frá árinu 1990. Á eftir Asíu kemur svo Ameríka með 18 milljónir tonna (19%) og Evrópa með 14 milljónir tonna (15%). Í Evrópu hefur skipting veiða á botn- og uppsjávarfiski verið mun jafnari en á heimsvísu. Í Ameríku og Asíu hefur hlutfall veiða á uppsjávarfiski verið langt umfram það sem verið hefur í öðrum heimsálfum.


Á meðan Asía hefur aukið hlutdeild sína í fiskveiðum á

heimsvísu hefur hlutdeild Ameríku og Evrópu minnkað. Hlutdeild Ameríku hefur minnkað um 9 prósentustig frá árinu 1990 og hlutdeild Evrópu hefur minnkað um 8 prósentustig á sama tímabili. Á árinu 1990 voru 42% af veiðum á botnfiski á heimsvísu stundaðar í Evrópu en vegna mikils uppgangs Asíu og Ameríku í veiðum á heimsvísu hefur hlutfallið lækkað niður í u.þ.b. þriðjung. Þá hafa veiðar Evrópuþjóða á uppsjávarfiski dregist hlutfallslega meira saman en veiðar á botnfiski frá árinu 1990.

Veiðar á heimsvísu eftir heimsálfum



Hlutdeild stærstu fiskveiðipjóða í Evrópu



Fimm þjóðir veiða rúmlega þriðjung aflu á heimsvísu

Ísland er í 17. sæti meðal stærstu fiskveiðipjóða heims með um 1,3% hlutdeild á heimsvísu

Kína er stórtækasta fiskveiðipjóð heims en þjóðin veiddi um 17,4 milljónir tonna eða um 19% af veiðum á heimsvísu árið 2017.

Þar á eftir koma svo Indónesía, Bandaríkin, Indland og Rússland en veiðar þessara fimm stærstu fiskveiðipjóða heims voru á árinu 2017 samanlagt um 38 milljónir tonna eða rúm 36% af veiðum á heimsvísu.

Ísland situr í 17. sæti meðal stærstu fiskveiðipjóða heims með um 1,3% hlutdeild á heimsvísu. Ísland hefur færst ofar á þessum lista síðustu ár og hefur því aukið veiðar sínar umfram aðrar þjóðir á listanum. Fiskveiðar Íslands jukust um 10% á milli ára en fjallað verður nánar um það í kaflanum um íslenskan sjávarútveg.



Landaður afli stærstu fiskveiðipjóða á heimsvísu (þús. tonn)

Sæti 2016	Land	2016	2017	% breyting
1.	Kína	17.807	17.400	-2%
2.	Indónesía	6.595	6.456	-2%
3.	Bandaríkin	5.528	4.850	-12%
4.	Rússland	4.777	4.953	4%
5.	Perú	3.797	4.158	10%
6.	Japan	2.662	3.160	19%
7.	Vietnam	2.635	2.803	6%
8.	Noregur	2.205	2.190	-1%
9.	Filipseyjar	2.047	2.073	1%
10.	Síle	1.829	2.100	15%
11.	Bangladesh	1.675	*1.675	
12.	Malasía	1.586	1.610	2%
13.	Tæland	1.552	1.471	-5%
14.	Mexíkó	1.526	1.538	1%
15.	Marokkó	1.470	*1.470	
16.	Kórea	1.397	1.310	-6%
17.	Ísland	1.067	1.177	10%
18.	Spánn	952	*952	
19.	Kanada	941	863	-8%
20.	Argentína	771	762	-1%
21.	Taívan	771	*771	
22.	Nígería	735	750	2%
23.	Ekvador	715	*715	
24.	Bretland	702	*702	
25.	Íran	695	733	5%
Samt. hjá stærstu löndum		66.438	66.642	0,3%
Samtals í heiminum		92.012	92.318	0,3%
% af heildinni		72%	72%	

*2016 tölur

Tvöfalt meira veitt í Kyrrahafi en í Atlantshafi

Kínverjar veiða meira en allar fiskveiðipjóðir Evrópu samanlagt

Landaður afli stærstu
fiskveiðipjóða heims



Rússar stærsta fiskveiðipjóð Evrópu

Færeyingar veiða mest á hvern íbúa og Íslendingar næstmest

Árið 2016 veiddu Rússar um 4,5 milljónir tonna eða sem nemur 31% af fiskveiðum í Evrópu. Hlutdeild Rússlands í veiðum í Evrópu hefur minnkað frá árinu 1990 en þá voru veiðar Rússa rúmlega 7 milljónir tonna og um 37% af veiðum í Evrópu.


Á eftir Rússlandi kemur svo Noregur, Ísland, Spánn og Danmörk en fiskveiðar þessara fimm stærstu fiskveiðipjóða Evrópu námu um 10 milljónum tonna á árinu 2016 eða um

70% af heildarveiðum í Evrópu.


Ísland var þriðja stærsta fiskveiðipjóð Evrópu m.v. árið 2016 með um 8% hlutdeild af heildarveiðum í Evrópu.

Þegar veiði Evrópulandanna er skoðuð með hliðsjón af fjölda íbúa veiðir Ísland mest á hvern íbúa næst á eftir Færeyingum eða um 3,2 tonn á mann.

10 stærstu fiskveiðipjóðir í Evrópu (m. tonn) árið 2016



Veidd tonn á mann eftir löndum í Evrópu 2016



Íslenskur sjávarútvegur



Íslenskur sjávarútvegur



Auknar botnfiskveiðar á árinu 2018


Verkfall sjómanna í byrjun árs 2017 olli samdrætti í aflamagni

Útlit er fyrir að á árinu 2018 verði aukning í aflamagni hér á landi.

Heildarafli fyrstu 9 mánuði ársins nemur 991 þús. tonn sem nemur 7% aukningu frá sama tímabili árið áður. Þessi aukning á árinu skýrist einna helst af auknum botnfisk- og kolmunnaveiðum.

Þegar horft er til helstu tegunda þá er aukning í aflamagni allra helstu botnfisktegunda á fyrstu 9 mánuðum ársins. Botnfiskafli helstu botnfisktegunda er um 49 þús. tonnum meiri en á sama tímabili árið 2017 sem nemur 17% aukningu en helsta ástæða þess er verkfall sjómanna í byrjun árs í fyrra.

Afli helstu tegunda fyrstu níu mánuði ársins (þús. tonn)



Horfur á 8% aukningu í aflamagni í ár

Reiknum með 15% aukningu útflutningsverðmæta í ár og 7% aukningu á næsta ári


Frá því þjóðhagsspá Greiningar Íslandsbanka kom út í septemberlok hafa horfur um útflutt magn og útflutningsverðmæti sjávarafurða breyst talsvert. Er nú útlit fyrir að útflutt magn sjávarafurða aukist um tæp 8% í ár frá síðasta ári. Á fyrstu 9 mánuðum ársins jókst útflutt magn um ríflega 12%. Ástæður þessa eru m.a. grunnáhrif vegna sjómannaferkfalls á 1F 2017 og aukinn botnfiskkvóti.

Árið 2019 eru hins vegar horfur á tæplega 2% samdrætti í aflamagni. Kemur það til af verulegum samdrætti í


aflaheimildum til veiða á uppsjávartegundum á borð við makríl, loðnu og kolmunna. Á móti hefur aflamark ýmissa botnfisktegunda verið aukið.

Verðþróun í krónum hefur verið íslenskum sjávarútvegi hagstæð undanfarið, bæði vegna hækkunar á heimsmarkaði og vegna gengisfalls krónu frá ágústlokum. Þessi þróun mun hafa áhrif á útflutningstekjur næstu misserin og gerum við ráð fyrir 15% aukningu útflutningsverðmætis í ár og tæplega 7% aukningu á næsta ári.

Útflutningur sjávarafurða (þús. tonn)



Útflutningsverðmæti sjávarafurða (ma.kr. á verðlagi ársins 2017)




Hagstæð verðþróun sjávarafurða

Verðhækkanir botnfiskafurða henta íslenskum sjávarútvegi sérlega vel

Vísitala sjávarafurða var að meðaltali 140,8 stig á árinu 2017 og hækkaði um 5,7% frá meðaltali ársins á undan. Var sú hækking drifin áfram af hækkingu botnfisks sem hækkaði um 5,8% á árinu 2017. Vísitala sjávarafurða fyrir fyrstu átta mánuði ársins 2018 var að meðaltali um 4,1% hærrí en ársmeðaltal 2017. Frá ársbyrjun ársins 2017 hafa botnfiskafurðir hækkað mest allra sjávarafurða eða um 5,4%. Kemur það íslenskum sjávarútvegi sérlega vel enda mestu verðmæti greinarinnar fólgin í botnfiskafurðum.

Vísitala sjávarafurða er afurðaverðsvísitala fyrir innlenda framleiðslu og mælir það verð sem framleiðandinn fær fyrir fullunna afurð sína. Vísitalan í XDR leiðréttir fyrir gengisáhrifum og mælir verðið á erlendum mörkuðum m.v. ákveðna körfu þeirra gjaldmiðla sem helst eru notaðir í milliríkjavíðskiptum. Undirvísitala botnfisks vegur þyngst í vísitölu sjávarafurða og fylgjast þær vísitölur að miklu leyti að, enda mestu verðmætin fólgin í botnfiskafurðum.

Verðvísitala sjávarafurða og undirvísitölur (í XDR)




Aflamagn jókst en aflaverðmæti minnkaði árið 2017

Samdráttur í botnfiskveiðum og styrking krónunnar helstu ástæður minni verðmætis

Heildarafli á árinu 2017 var 1.177 þús. tonn og jókst hann um 10% frá árinu 2016 þrátt fyrir sjómannaferkfall í upphafi árs. Árið 2016 litast af loðnubresti en loðnuaflinn dróst saman um 73% (246 þús. tonn) á árinu. Þessi samdráttur í loðnuafli árið 2016 er helsta ástæða þess að heildarafli jókst á síðastliðnu ári þrátt fyrir sjómannaferkfallið. Þrátt fyrir aukið aflamagn minnkaði verðmæti aflans um 17% á árinu 2017 frá fyrra ári.

Eins og áður er þorskur mest veiddi botnfiskur landsins. Þar á eftir koma karfi, ufsi og ýsa. Veiðar á þessum tegundum botnfisks drógust saman um 22 þús. tonn á árinu 2017 eða um 5,2%. Aðra sögu er að segja um helstu tegundir uppsjávarfisks sem jukust um 27,5%. Aukning var í loðnu- og kolmunnaveiðum á meðan veiðar á makríl og grálúðu drógust lítillega saman á árinu 2017.

Afli og aflaverðmæti



Botnfiskurinn skilar rúmlega 2/3 af aflaverðmæti

Hvert tonn af botnfiski skilar rúmlega fjórum sinnum meira verðmæti en hvert tonn af uppsjávafiski


Þegar skipting afla og aflaverðmætis er skoðuð eftir tegundum sést að mikið veitt magn skilar sér ekki endilega í miklu verðmæti. Nam veitt magn af botnfiski til að mynda um 426 þús. tonnum (um 36% af heildarmagni aflans) en það skilaði verðmæti upp á rúma 76 ma.kr. (um 69% af heildarverðmæti aflans).

Veitt magn af uppsjávafiski var hins vegar rúmum 314 þús. tonnum meira en af botnfiski en heildarverðmæti uppsjávafiskafláns voru ekki nema um 41% af


heildarverðmæti botnfiskafláns, eða um 31 ma.kr. Hvert tonn af botnfiski skilaði því rúmlega fjórum sinnum meira aflaverðmæti en hvert tonn af uppsjávafiski á árinu 2017.

Á árinu 2017 lækkaði hlutfall botnfisks í heildarafla greinarinnar og var aflinn því verðminni á hvert tonn en á árinu 2016 þegar hlutfall botnfisks var rúmum 6 prósentustigum hærra.

Skipting afla og aflaverðmæta 2016



Skipting afla og aflaverðmæta 2017



Porskur sem fyrr verðmætasta tegundin


Porskurinn skilar hátt í helmingi aflaverðmæta íslensks sjávarútvegs

Aflaverðmæti lækkaði um 17% frá árinu 2016 þrátt fyrir að aflamagn hafi aukist líkt og komið hefur fram. Þetta skýrist af auknum veiðum á tegundum þar sem verð á tonn er lægra, þ.e. uppsjávarfiski.


Ef helstu tegundir eru skoðaðar má sjá að þorskur er enn langstærstur er kemur að aflaverðmæti og nam aflaverðmæti hans 49 mö.kr. á árinu 2017 eða sem nemur 44% af heildarverðmæti aflans. Aflaverðmæti allra helstu tegunda,

að loðnu undanskilinni, drógust saman á árinu 2017. Skýrist það af styrkingu krónunnar sem hefur áhrif til lækkunar á aflaverðmæti sjávarafurða.

Afli helstu tegunda (þús. tonn)



Aflaverðmæti helstu tegunda (ma.kr.)



Útflutt magn eykst en útflutningsverðmæti minnka

Ástæðan er gengisstyrking krónunnar og minni botnfiskveiðar

Útflutt magn sjávarafurða á árinu 2017 nam tæpum 610 þús. tonnum og er það um 5,1% meira en árið 2016 og um 93 þús. tonnum undir langtímaleðaltali. Þessi aukning í útflutningi sjávarafurða milli ára skýrist einna helst af auknum uppsjavarveiðum.

Verðmæti útflutnings á árinu 2017 nam um 197 mö.kr. sem er rúmum 39 mö.kr. minna (17%) en á árinu 2016 miðað við verðlag ársins 2017. Hefur því útflutningsverðmæti á hvert


tonn minnkað milli ára. Skýrist það að mestu leyti vegna gengisstyrkingar íslensku krónunnar á árinu 2017 en einnig vegna samdráttar í útflutningi botnfisks.




Útflutningsverðmæti


Hagstofan tekur saman útflutningsverðmæti sjávarafurða og byggja þær tölur á tollskýrslum útflutningsaðila

Útflutningur sjávarafurða (ma.kr. á verðlagi ársins 2017)



Útflutningur sjávarafurða (þús. tonn)








Sjávarútvegur mikilvæg stoð gjaldeyrissköpunar

Greinin skilar um 1/5 af gjaldeyriskjum þjóðarbúsins

Miðað við tölur á fyrri hluta ársins 2018 aflar sjávarútvegurinn þjóðarþúinu mestra gjaldeyriskna næst á eftir ferðapjónustunni sem hefur aukið hlut sinn verulega frá árinu 2010. Útflutningsverðmæti sjávarafurða nema 19% af gjaldeyriskjum hagkerfisins af vöru- og þjónustuútflutningi á áðurgreindu tímabili. Skipar því sjávarútvegur mikilvægan sess þegar kemur að öflun gjaldeyriskna og mun gera það áfram á næstu árum að okkar mati.

Útflutningsverðmæti helstu atvinnugreina á verðlagi ársins 2018



Mest flutt út af þorski

... og skilar hann mestu útflutningsverðmæti


Mest var flutt út af þorski á árinu 2017. Uppsjávartegundirnar loðna, makrill og síld koma svo næst á eftir þorskinum í röðinni yfir þær tegundir sem mest eru fluttar út í tonnum talið á árinu 2017.

Þorskur var langverðmætasta útflutningstegundin á árinu 2017 líkt og áður en verðmæti tegundarinnar nam 84 mö.kr.


Útflutningsverðmæti þorsks hefur líkt og hjá öðrum tegundum, lækkað frá árinu 2015 vegna styrkingar krónunnar.

Næstmest var útflutningsverðmæti loðnu á árinu 2017 en það nam 18 mö.kr. og því ljóst að þorskurinn ber höfuð og herðar yfir aðrar tegundir hvað útflutningsverðmæti varðar.

Útflutningur helstu tegunda (þús. tonn)



Útflutningsverðmæti helstu tegunda (ma.kr. á verðlagi ársins 2017)



Mest útflutningsverðmæti sjávarafurða til Bretlands


Fimm stærstu viðskiptaþjóðir með rúmlega helming heildarútflutningsverðmætis sjávarafurða

Hér sjást 15 helstu viðskiptaþjóðir Íslands á sviði sjávarafurða en til þessara landa fóru um 88% af heildarverðmæti útfluttra sjávarafurða á árinu 2017. Bretland var stærst viðskiptaþjóða á þessu sviði á árinu og voru fluttar sjávarafurðir að verðmæti um 31 ma.kr. til Bretlands sem nemur 16% af heildarverðmæti útfluttra sjávarafurða. Næst á eftir Bretlandi kemur Frakkland en þangað voru fluttar sjávarafurðir fyrir um 22 ma.kr. eða um 11% af heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða. Þar á eftir koma Spánn (10%), Noregur (9%) og Bandaríkin (9%). Til

þessara fimm stærstu viðskiptaþjóða landsins fór rúmlega helmingur af heildarútflutningsverðmæti ársins eða 55%.

Af áðurnefndum þjóðum sker Noregur sig úr að því leyti að þangað er lítið flutt af þorski og öðrum botnfiski, en til Bretlands, Spánnar, Frakklands og Bandaríkjanna fer stærstur hluti af heildarútflutningsverðmæti þorsks. Noregur sker sig einnig úr að því leyti að stærsti hluti útflutningsverðmætis loðnu fer þangað.

Útflutningsverðmæti helstu tegunda eftir löndum á árinu 2017 (ma.kr.)



Mest útflutningsmagn sjávarafurða til Noregs


Langstærsti hluti útfluttra sjávarafurða til Noregs er mjöl og lýsi

Þegar útflutningur sjávarafurða í magni er skoðaður eftir löndum sést að mest fer til Noregs, eða um 123 þús. tonn sem nema um 20% af heildarútflutningi sjávarafurða. Til Noregs fer mest af mjöli.
















Á eftir Noregi kemur svo Bretland, Danmörk, Þýskaland og Spánn. Til þessara landa fer um helmingur af heildarútflutningi sjávarafurða eða sem nemur 298 þús. tonnum.

Á meðal annarra sjávarafurða er frystur fiskúrgangur til fóðurs og frystur fiskúrgangur sem er óhæfur til manneldis sem vega þyngst þar inni.
















Útflutningsmagn helstu tegunda eftir löndum á árinu 2017 (þús. tonn)



Útflutningsverðmæti eftir helstu viðskiptalöndum og tegundum (þús. tonn)

	Allar tegundir	Porskur	Loðna	Karfi	Makrill	Ýsa	Sild	Ufsi	Rækja	Kolmunnir	Grálúða	Annað	Samtals	% af heild
 Bretland	30.608	16.352	1.066	595	144	3.770	566	300	5.019	287	20	2.489	30.608	16%
 Frakkland	22.332	17.137	8	1.159	21	701	101	1.036	9	0	348	1.811	22.332	11%
 Spánn	19.174	14.635	0	340	25	24	0	1.533	49	0	1	2.566	19.174	10%
 Noregur	18.588	843	4.861	9	77	100	4.710	21	80	5.212	0	2.675	18.588	9%
 Bandaríkin	17.419	9.543	724	122	85	4.283	0	388	0	0	16	2.257	17.419	9%
 Þýskaland	10.416	2.632	1.042	2.548	16	101	180	2.062	12	394	235	1.194	10.416	5%
 Holland	9.357	3.130	1.244	843	1.922	36	97	533	566	0	50	935	9.357	5%
 Kína	8.041	653	2.182	1.215	1.196	9	0	7	28	23	707	2.021	8.041	4%
 Belgía	6.533	4.431	0	513	0	712	0	166	0	0	8	704	6.533	3%
 Portúgal	6.485	5.224	0	473	294	0	0	188	0	0	0	307	6.485	3%
 Japan	6.350	107	1.959	1.281	282	0	84	6	0	0	1.241	1.390	6.350	3%
 Nígíría	5.437	3.687	0	0	43	405	0	246	0	0	0	1.056	5.437	3%
 Danmörk	4.931	358	836	103	51	4	467	15	1.147	509	91	1.351	4.931	3%
 Litháen	3.911	62	714	283	1.479	0	649	28	12	19	18	646	3.911	2%
 Hvíta-Rússland	3.042	28	1.354	88	658	0	726	24	0	0	12	150	3.042	2%
Önnur lönd	24.400	4.848	2.100	1.699	4.506	314	1.490	2.170	230	77	1.560	5.405	24.400	12%
Öll lönd	197.024	83.670	18.090	11.270	10.802	10.460	9.071	8.723	7.152	6.521	4.308	26.957	197.024	100%

Útflutningsmagn eftir helstu viðskiptalöndum og tegundum (þús. tonn)

	Allar tegundir	Porskur	Loðna	Makrill	Sild	Kolmunni	Karfi	Ufsi	Ýsa	Gulllax	Rækja	Annað	Samtals	% af heild
 Noregur	122.587	1.756	31.823	345	32.988	38.163	63	42	121	0	70	17.216	122.587	20%
 Bretland	61.259	23.316	7.925	927	4.627	2.139	2.197	743	7.182	59	5.342	6.802	61.259	10%
 Danmörk	47.083	790	6.324	205	3.108	3.696	351	126	4	0	1.428	31.051	47.083	8%
 Þýskaland	34.989	3.738	5.506	32	1.201	2.937	9.476	5.610	133	33	11	6.312	34.989	6%
 Spánn	32.106	24.173	0	105	1	0	910	3.675	46	0	49	3.147	32.106	5%
 Frakkland	31.668	17.694	8	93	597	0	5.010	2.588	871	0	8	4.799	31.668	5%
 Holland	31.599	5.999	6.433	12.218	431	0	2.136	1.313	54	314	640	2.061	31.599	5%
 Kína	31.142	1.400	8.189	8.728	0	506	4.552	46	11	0	45	7.665	31.142	5%
 Litháen	24.443	250	2.995	10.543	4.127	465	1.034	84	0	4.426	12	507	24.443	4%
 Bandaríkin	22.590	10.164	897	469	0	0	1.178	700	3.909	0	0	5.273	22.590	4%
 Nígería	16.958	10.618	0	346	0	0	0	761	1.322	80	0	3.831	16.958	3%
 Japan	16.670	259	6.628	1.757	492	0	3.811	14	0	2	0	3.707	16.670	3%
 Úkraína	16.203	153	4.228	5.663	592	0	75	19	0	5.382	0	91	16.203	3%
 Hvíta-Rússland	14.356	125	2.886	4.761	4.991	0	309	73	0	785	0	426	14.356	2%
 Portúgal	13.928	8.642	0	1.990	0	0	1.677	570	0	161	0	888	13.928	2%
Önnur lönd	91.620	11.234	3.517	24.650	8.386	3.758	9.599	6.039	950	1.812	272	21.403	91.620	15%
Öll lönd	609.201	120.311	87.359	72.832	61.541	51.664	42.378	22.403	14.603	13.054	7.877	115.179	609.201	100%

Mest flutt út af frystu og liggur mesta verðmætið þar


Verðmætasköpun í ferskum sjávarafurðum aukist mikið undanfarna áratugi

Á árinu 2017 var, sem fyrr, mest flutt út af frystum afurðum. Frá árinu 2000 hefur útflutt magn af frystum afurðum aukist um 40% á meðan saltaðar afurðir hafa dregist saman um 59%. Einnig hafa mjöl- og lýsisafurðir dregist saman um 49%. Þegar útflutningsverðmæti eru skoðuð eftir afurðaflokkum sést að frystar afurðir skila mestu verðmæti á árinu 2017, eða sem nemur um helmingi af heildarútflutningsverðmæti. Þrátt fyrir að magn frystra afurða hafi aukist um 40% frá árinu


2000 hefur verðmæti frystra afurða dregist saman yfir sama tímabil.

Ef horft er á ferskar afurðir þá dróst sá afurðaflokkur saman um þriðjung í magni frá árinu 2000 en verðmæti afurðanna jókst um 82% yfir sama tímabil. Hefur verðmæti ferskra sjávarafurða á hvert tonn því aukist umtalsvert frá árinu 2000.

Útflutningsmagn eftir afurðaflokkum (þús. tonn)



Útflutningsverðmæti eftir afurðaflokkum (ma.kr. á verðlagi ársins 2017)



Tækniframfarir og fækkun starfa eykur framleiðni


...að undanskildu tímabilinu 2008–2011 þegar vinnuafleiftirspurn jókst og framleiðsla minnkaði

Framleiðni vinnuafls í landbúnaði og fiskveiðum lækkar umtalsvert fram til ársins 2011 en hækkar eftir það. Skýringin felst að mestu í minnkandi framleiðslu í fiskveiðum 2009–2011 án þess að mikil breyting verði í vinnuafslnotkun sem reyndar vex töluvert frá 2008–2010.


Mikil breyting varð á rekstrarskilyrðum í sjávarútvegi eftir efnahagsáfallið þegar gengi krónunnar féll mikið. Vinnuafleiftirspurn jókst talsvert við þær aðstæður, líkt og sjá

má á grafinu sem sýnir fjölda starfa, þrátt fyrir samdrátt í framleiðslumagni enda afkoma í sjávarútvegi sjaldan verið betri en á þessum árum.

Framleiðni vinnuafls (vísitala, 2008=100)



Fjöldi starfandi í sjávarútvegi



Fjórði hver starfsmaður í sjávarútvegi er kona

...og rúmlega átta af hverjum tíu störfum í sjávarútvegi eru á landsbyggðinni

Störfum í sjávarútvegi hefur fækkað um rúmlega helming frá því að þau voru hvað flest þegar horft er á síðastliðna þrjá áratugi. Frá þessum tíma hefur konum í greininni fækkað hlutfallslega meira en körlum. Á árinu 2017 voru 1.700 konur starfandi í sjávarútvegi eða um 25% af vinnuafli greinarinnar. Þá eru konur mun algengari í fiskiðnaði en í fiskveiðum en þar hefur störfum fækkað umtalsvert hraðar en í veiðum.

Um 83% af störfum í sjávarútvegi á árinu 2017 voru á landsbyggðinni. Undanfarna áratugi hefur hlutfallsleg

fækkun starfa verið mun jafnari eftir búsetu en eftir kyni en hlutfallslega fleiri störfum hefur fækkað á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Fækkun starfa í sjávarútvegi vegur mun þyngra á landsbyggðinni enda eru rúmlega átta af hverjum tíu störfum í sjávarútvegi þar.

Fækkun beinna starfa í sjávarútvegi þarf því ekki að gefa til kynna að fjöldi starfa tengd sjávarútvegi, bæði bein og óbein, fari fækkandi um þessar mundir.

Kynjaskipting í sjávarútvegi



25%



75%



17%



83%

Íslenski fiskiskipaflotinn kominn til ára sinna


Meðalaldur togara lækkar og er það til marks um nýfjárfestingu í togurum

Fiskiskipafloti landsins samanstendur af 1.621 skipum og bátum og þar af eru 842 opnir fiskibátar eða um 52% flotans. Um 747 vélskip eru í flotanum og 43 togarar. Frá aldamótum náði fjöldi skipa hámarki á árinu 2001 þegar þau voru 2.012 talsins og hefur þeim fækkað um 391 síðan þá eða um rúm 19%. Hefur togurum fækkað um 36 og hefur þeim fækkað hlutfallslega mest yfir tímabilið eða um 45%.

Meðalaldur fiskiskipaflotans hefur hækkað umtalsvert og er

nú hár í sögulegu samhengi. Á árunum 1999–2017 hækkaði hann um rúm tíu ár. Á árinu 2016 var meðalaldur flotans um 30 ár og hækkaði hann um eitt ár frá árinu 2016. Sum skipanna eru komin á sextugsaldur og hluti flotans því orðinn nokkuð gamall. Meðalaldur togara lækkaði þó um 5 ár á árinu 2017 og er það til marks um nýja togara sem teknir voru í notkun á árinu. Er það í fyrsta skipti síðan á árinu 2007 sem meðalaldur togara lækkar á milli ára.

Fjöldi skipa í íslenska fiskiskipaflotanum eftir tegund skipa



Opinn fiskibátur

Smærri bátar sem notaðir eru til að veiða ýmist á línu eða net. Þessir bátar koma oftast til hafnar samdægurs.



Vélskip

Smærri skip sem eru þó með aðstöðu fyrir áhöfn. Oftast veiða þessi skip á línu eða net. Almennt eru veiðiferðir þessara skipa um tveir til þrjú dagar.

Talsverðar skipafjárfestingar í farvatninu

Þrjátíu milljarða fjárfesting áætluð á næstu þremur árum

Um þessar mundir eru talsverðar fjárfestingar í skipum í farvatninu en fjárfesting í greininni hefur verið yfir sögulegu meðaltali undanfarin ár. Samið hefur verið um smíði á átta togurum og ættu flestir að verða afhentir á árinu 2019. Þá eru einnig væntanleg tvö uppsjávarskip sem áætlað er að verði afhent árið 2020. Á þessu ári hafa þegar verið afhentir tveir togarar. Áætluð fjárfesting í íslenska fiskiskipafлотanum nemur um 30 mö.kr. miðað við áætlanir á næstu þremur árum eins og sakir standa.



Uppsávvarskip

Stærri skip sem veiða uppsjávartegundir, sild, loðnu eða makríl með flotvörpu eða nót. Uppsávvarskip eru oftast á veiðum í þrjá til fimm daga í senn.



Togari

Stærri skip sem veiða helstu tegundir botnfiska, þorsk, ýsu og ufsa með botnvörpu. Togarar eru oftast á veiðum í fimm til sjö daga í senn. Togarar geta verið lengur við veiðar ef aflinn er frystur um borð.

Fjárfestingar í skipum – nýsmíði og áætluð afhending

Togari

Nýsmíði	Áætluð afhending
HB Grandi – frystitogari	4F 2019
Skinney-Þinganes	2019
Skinney-Þinganes	2019
Bergur-Huginn	2020
Bergur-Huginn	2021
Útgerðarfélag Akureyringa	2019
Gjögur	2019
Gjögur	2019

Uppsávvarskip

Sildarvinnslan	2020
Samherji	2020

Fjárfestingar í skipum – nýlega afhent skip

Togari

Afhent skip	Afhending
Hraðfrystihúsið – Gunnvör	2F 2018
Vinnslustöðin	2F 2018
Björg EA – Samherji hf.	4F 2017
Viðey RE – HB Grandi hf.	4F 2017

Samþjöppun í greininni eykur hagkvæmni

Tíu stærstu útgerðirnar með rúmlega helming af úthlutuðu aflamarki

Eftir að núverandi kvótakerfi var innleitt árið 1984 og aflaheimildir urðu að fullu framseljanlegar árið 1991 hefur verið sterk tilhneiging í átt að sameiningu útgerða í íslenskum sjávarútvegi. Hefur þetta reynst grundvöllur aukinnar hagræðingar í greininni líkt og greina má í rekstrartölum fyrirtækja yfir áðurgreint tímabil. Aukin samþjöppun fól í sér aukna skuldsetningu innan greinarinnar en á sama tíma stuðlaði hún að meiri hagkvæmni í rekstri, aukinni framleiðni og bættri arðsemi félaganna.

Þá eru stærri félög, sem hafa aflaheimildir í fleiri tegundum fiskistofna, betur í stakk búin að takast á við rekstrarsveiflur. 50 stærstu félögin eru sem stendur með 89% af úthlutuðum aflaheimildum í upphafi fiskveiðiársins 2018/2019. Tíu stærstu fyrirtækin eru með 51% úthlutaðra aflaheimilda og 20 stærstu fyrirtækin um 71%. Tölurnar byggja á upplýsingum miðað við skráða eigendur skipa samkvæmt skrá Fiskistofu 1. september 2018 og eru sérstakar úthlutanir (skel- og rækjubætur) ekki innfaldar í tölunum.



Kvótakerfið

Fiskveiðistjórnunarkerfi (aflamarkskerfi) sem segir til um það hversu mikið íslenskar útgerðir mega veiða af hverri fisktegund á tilteknu tímabili.



Aflamark/kvóti

Árlegt magn af afla sem má veiða á ári hverju.



Fiskveiðiár

Fiskveiðiáramótin eru 1. september ár hvert og er þá útgerðum úthlutað aflaheimildum sem má veiða frá 1. september til 31. ágúst. Möguleiki er samt á að færa óveiddan afla á milli fiskveiðiára í vissum tilvikum.



Þorskígildi (kg)

Þorskígildistonn er það aflamagn eða veiðikvóti af tiltekinni tegund sem telst jafn verðmætt og eitt tonn af þorski.

Úthlutað aflamark til 50 stærstu fyrirtækja í upphafi fiskveiðiársins 2018/2019

Nr.	Útgerð	Porskígildi (kg)	Hlutfall af heild	Nr.	Útgerð	Porskígildi (kg)	Hlutfall af heild
1	HB Grandi hf.	36.777.002	9,4%	28	Sæból fjárfestingafélag ehf.	2.914.082	0,7%
2	Samherji Ísland ehf.	25.273.172	6,5%	29	Oddi hf.	2.902.710	0,7%
3	FISK-Seafood ehf.	21.666.170	5,6%	30	GPG Seafood ehf.	2.286.804	0,6%
4	Þorbjörn hf.	21.445.947	5,5%	31	Grunnur ehf.	2.274.068	0,6%
5	Visir hf.	17.310.962	4,4%	32	Einhamar Seafood ehf.	2.012.447	0,5%
6	Skinney-Þinganes hf.	15.992.718	4,1%	33	Hjálmar ehf.	1.891.883	0,5%
7	Rammi hf.	15.748.613	4,0%	34	Saltver ehf.	1.838.774	0,5%
8	Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.	15.579.693	4,0%	35	Útgerðarfélagið Vigur ehf.	1.837.931	0,5%
9	Vinnslustöðin hf.	15.228.538	3,9%	36	Vestri ehf.	1.824.728	0,5%
10	Sildarvinnslan hf.	13.266.920	3,4%	37	Sæfell hf.	1.759.527	0,5%
11	Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf.	12.724.755	3,3%	38	Þórsnes ehf.	1.759.123	0,5%
12	Nesfiskur ehf.	11.595.242	3,0%	39	Bergur ehf.	1.689.279	0,4%
13	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	8.607.782	2,2%	40	Bylgja VE 75 ehf.	1.652.395	0,4%
14	Gjögur hf.	8.472.455	2,2%	41	Kristinn J Friðþjófsson ehf.	1.511.081	0,4%
15	Jakob Valgeir ehf.	7.936.548	2,0%	42	Kleifar ehf.	1.409.484	0,4%
16	Ögurvík ehf.	6.868.875	1,8%	43	Þórsberg ehf.	1.393.458	0,4%
17	Bergur-Huginn ehf.	6.356.294	1,6%	44	Norðureyri ehf.	1.327.852	0,3%
18	Útgerðarfélag Akureyringa ehf.	5.912.915	1,5%	45	Hásteinn ehf.	1.317.053	0,3%
19	KG Fiskverkun ehf.	5.094.889	1,3%	46	Frár ehf.	1.297.863	0,3%
20	Loðnuvinnslan hf. Fáskrúðfirði	5.080.361	1,3%	47	Steinunn hf.	1.292.320	0,3%
21	Ós ehf.	4.547.254	1,2%	48	Vébjarnarnúpur ehf.	1.217.620	0,3%
22	Hraðfrystihús Hellissands hf.	4.444.028	1,1%	49	Útnes ehf.	1.214.656	0,3%
23	Eskja hf.	4.375.524	1,1%	50	Soffanías Cecilsson hf.	1.137.379	0,3%
24	Guðmundur Runólfsson hf.	4.281.879	1,1%		Stærstu 10	198.289.735	51%
25	Stakkavík ehf.	3.832.122	1,0%		Stærstu 20	276.939.851	71%
26	Fiskkaup hf.	3.729.226	1,0%		Stærstu 30	313.611.420	80%
27	Frosti ehf.	3.357.940	0,9%		Stærstu 50	345.270.339	89%

Útflutningur á eldisfiski ríflega þrefaldast frá 2014

Tækifæri til aukinnar framleiðslu sjávarafurða liggja að stærstum hluta í fiskeldi


Útflutt magn eldisfisks hefur aukist umtalsvert á undangengnum árum og var það t.a.m. rúmlega þrefalt meira á árinu 2017 en á árinu 2014. Á sama tímabili hefur verðmæti vegna útflutnings á eldisfiski aukist minna, eða rúmlega tvöfaldast. Ástæðan er einna helst styrking krónunnar á umræddu tímabili.

Mesta útflutningsverðmæti vegna eldisfisks fer til Þýskalands eða um fjórðungur alls útflutningsverðmætis. Því næst fer


mesta verðmætið til Bandaríkjanna (16% af heild), Danmerkur (11% af heild), Hollands (7% af heild) og Bretlands (7% af heild). Samanlagt fer um 65% af heildarverðmæti vegna eldisfisks til áðurgreindra þjóða.

Mesta aukning í framleiðslu sjávarafurða liggur í fiskeldi og því ljóst að þar liggja mikil tækifæri fyrir íslenskan sjávarútveg litið fram á við.

Útflutningsverðmæti eldisfisks (ma.kr. á verðlagi ársins 2017)



Útflutningsverðmæti eldisfisks & hlutdeild í heildarverðmætum eftir löndum árið 2017 (ma.kr.)



Íslenskur sjávarútvegur



Rekstur íslenskra sjávarútvegsfélaga



EBITDA framlegð ekki lægri síðan 2005

Lækkandi tekjur vegna styrkingar krónunnar helsta ástæðan


Tekjur sjávarútvegsfélaga á árinu 2017 námu 225 mö.kr. og lækkuðu um 28 ma.kr. frá síðasta ári eða um 11%. EBITDA var 40 ma.kr. og hefur EBITDA framlegð ársins 2017 lækkað um 4 prósentustig frá fyrra ári og fer úr 22% í 18% á árinu 2017. EBITDA lækkaði hlutfallslega meira en tekjur eða um 29% sem bendir til þess að ekki hafi tekist að mæta lækkandi tekjum með kostnaðarhagræðingu.

Litast þróun tekna á árinu 2017 af talsverðri gengisstyrkingu krónunnar sem átti sér stað á árinu. Gengi krónunnar var að


meðaltali 11% sterkara á árinu 2017 frá fyrra ári.

Framlegð sjávarútvegsfélaga í flokki blandaðra uppsjavar- og botnfiskfélaga er hæst, eða 22%. Framlegð þessara félaga er hæst þar sem almennt kostar minna að sækja uppsjavarfisk en botnfisk og er vinnsla uppsjavarfisks einnig kostnaðarminni. EBITDA framlegð hinna tveggja flokkanna var lægri eða 13% hjá botnfiskútgerðum og vinnslum og 20% hjá botnfiskútgerðum. Framlegð allra flokka lækkaði vegna óhagstæðrar gengisþróunar.

Tekjur og framlegð í íslenskum sjávarútvegi (ma.kr.)



EBITDA framlegð eftir flokkun sjávarútvegsfélaga



Olíuverð lækkar á ný eftir umtalsverða hækkun

Almennt er þess þó vænst að olíuverð haldist tiltölulega hátt

Eftir linnulitla hækkun frá miðju ári 2017 hóf olíuverð að lækka snarpt á haustdögum árið 2018. Alls hækkaði Brent-olía um 77% í verði á fyrrnefnda tímabilinu, en hefur frá októberbyrjun lækkað um 30%. Er eldsneytisverð þegar þetta er ritað komið undir 60 USD á hverja tunnu. Verðlækkunin undanfarið skýrist að mestu af vaxandi óvissu um hagvöxt á heimsvísu og þar með spurn eftir eldsneyti.

Hin mikla hækkun eldsneytisverðs undanfarin misseri hefur rýrt viðskiptakjör Íslands og valdið útflutningsgreinum talsverðum búsifjum. Eldsneyti er næsttærsti kostnaðarliður í rekstri útgerðarfyrirtækja og nemur kostnaður við það að jafnaði u.þ.b. 10% af tekjum geirans. Því hljóta það að teljast góð tíðindi fyrir sjávarútveginn að olíuverð hafi lækkað á

nýjan leik.

Verðsveiflurnar undanfarið hafa slegið verðspámennt á hrávörumörkuðum nokkuð út af laginu. Enn vænta þeir þó þess að olíuverð muni haldast tiltölulega hátt á komandi árum. Nýjasta samantektarspá Reuters hljóðar upp á að verð á Brent-olíu verði að jafnaði um 3% hærra á næsta ári en á yfirstandandi ári og muni þá kosta tæpa 77 USD hver tunna að meðaltali. Árið 2020 er þess hins vegar vænst að olíuverð lækki að nýju um 3% og að tunnan af Brent-olíu kosti að jafnaði ríflega 74 USD það ár.

Heimsmarkaðsverð á Brent-olíu (dollarar á hverja tunnu)



Gengislækkun styður við sjávarútveg


Horfur eru á tiltölulega sterku raungengi út áratuginn

Hreyfing komst á gengi krónu í september eftir tímabil tiltölulega stöðugs gengis frá haustdögum 2017 fram í ágústlok á þessu ári. Gengi krónu var um miðjan nóvember u.þ.b. 12% lægra en það var í upphafi árs m.v. gengisvísitölu. Að mati okkar var þessi gengishreyfing af hinu góða fyrir hagkerfið og til þess fallin að bæta samkeppnisstöðu úftlutningsgreina ásamt því að hægja á vexti innlendirar eftirspurnar. Enn er þó of snemmt að segja hvort gengislækkunin er á enda runnin í bili eða hvort um frekari gengislækkun verður að ræða á komandi mánuðum.


Raungengi krónunnar miðað við hlutfallslegt verðlag er nú svipað og það var á 3F árið 2016 og er að mati okkar nærri jafnvægisgengi til skemmri tíma lítið.

Það eru ýmis rök að okkar álitni fyrir því að raungengi krónu verði áfram tiltölulega sterkt. Hrein eignastaða hagkerfisins er betri en hún hefur verið áratugum saman og Seðlabankinn hefur úr myndarlegum gjalddeyrissforða að spila til að afstýra gengishruni vegna tímabundins fjármagnsflóttu. Gangi spá okkar eftir mun afgangur verða af viðskiptajöfnuði út áratuginn. Með hliðsjón af vaxtarhorfum og traustari stöðum hagkerfisins ætti áhugi erlendra fjárfesta á Íslandi aukinheldur að vera nægur til að vega upp úftlæði vegna vilja lífeyrissjóðanna til að fjárfesta út fyrir landsteinana. Allt þetta ætti að vega til tiltölulega hás raungengis út áratuginn.

Gengisvísitala krónu, dagsgildi og flökt



Gengisvísitala krónu og vísitala raungengis



Launakostnaður meira íþyngjandi nú en áður


Oliukostnaður sem hlutfall af tekjum hefur á sama tímabili farið lækkandi

Tveir stærstu kostnaðarliðir sjávarútvegsfyrirtækja eru launakostnaður og oliukostnaður. Launakostnaður hefur hækkað umtalsvert hraðar en tekjur sjávarútvegsfélaga og er hefur sá kostnaðarliður því orðið meira íþyngjandi í rekstri sjávarútvegsfélaganna undanfarinn áratug eða svo. Þrátt fyrir að hlutfall launakostnaðar af tekjum sé hærra hjá útgerðum en í fiskvinnslu hefur hlutfallið hækkað meira í fiskvinnslu en hjá útgerðum undanfarinn áratug. Ástæðan er sú að launakostnaður ræðst að miklu leyti af tekjum útgerða á


meðan slíkt gildir ekki í fiskvinnslu.

Oliukostnaður hefur að jafnaði verið um 10% af tekjum útgerðanna síðastliðinn áratug eða svo. Hefur hlutfall oliukostnaðar af tekjum farið lækkandi frá því að það náði hámarki á áðurgreindu tímabili í tæplega 14% árið 2012.

Launakostnaður sem hlutfall af tekjum í sjávarútvegi



Oliukostnaður sem hlutfall af tekjum í fiskveiðum




Hagnaður rúmlega helmingast á milli ára


Lægri tekjur af reglulegri starfsemi og minni gengishagnaður skýra samdrátt í hagnaði að mestu leyti

Hagnaður sjávarútvegsfélaga á árinu 2017 var um 27 ma.kr. eða rúmlega helmingi lægri en á árinu á undan. Hagnaður af reglulegri starfsemi lækkaði um 9 ma.kr. frá fyrra ári. Hagnaður lækkar því að mestu leyti vegna 16 ma.kr. gengishagnaðar sem myndaðist á erlendar skuldir sjávarútvegsfélaganna við styrkingu krónunnar á árinu 2016. Þessi gengishagnaður nemur einungis 0,4 mö.kr í bókum sjávarútvegsfélaga þegar greint er frá rekstrarniðurstöðum í íslenskri krónu árið 2017.

Hagnaður og tekjuskattur í íslenskum sjávarútvegi (ma.kr.)



Sundurliðun hagnaðar á árinu 2017 (ma.kr.)



Skuldir sjávarútvegsfélaga aukast lítillega


Hlutfall skulda á móti EBITDA sambærilegt og þegar skuldir sjávarútvegsfélaga stóðu sem hæst eftir hrun

Á árinu 2017 námu skuldir sjávarútvegsfyrirtækja um 362 m.kr. og hækkaði skuldastaða félaganna um 37 ma.kr. frá fyrra ári sem er mesta skuldaaukning sjávarútvegsfélaga á árunum eftir efnahagsáfallið. Hlutfall skulda á móti EBITDA hækkaði um 3,3 prósentustig á árinu 2017 og stóð í 9,0. Er það sambærilegt gildi og þegar skuldir félaganna voru með hæsta móti á árunum eftir efnahagsáfallið.


Á árinu 2017 voru nýjar lántökur umfram afborganir lána.

Hefur slíkt átt sér stað allt frá upphafi árs 2015 sem bendir til þess að tímabil niðurgreiðslu skulda sé lokið og að tímabil aukinnar fjárfestingar sé nú tekið við í greininni.

Skuldastaða í íslenskum sjávarútvegi (ma.kr.)



Fjármögnunarhreyfingar í íslenskum sjávarútvegi (ma.kr.) (-) afborganir (+) ný langtímalán



Fjárfestingarstig greinarinnar hátt í sögulegu ljósi

Lakari afkoma kallar á auknar lántökur til að fjármagna fjárfestingar í greininni


Fjárfestingar á árinu 2017 lækkuðu um 2,8 ma.kr. frá fyrra ári eða um 12%. Engu að síður er fjárfestingarstig greinarinnar nokkuð hátt í sögulegu ljósi.

Fjárfesting sem hlutfall af EBITDA var 48% og jókst hlutfallið um rúm 9 prósentustig frá fyrra ári. Þrátt fyrir að fjárfesting greinarinnar hafi lækkað í krónum talið undanfarin ár hefur fjárfesting sem hlutfall af EBITDA hækkað. Þessi þróun helgast af lakari afkomu greinarinnar á undanförunum árum. Rekstur greinarinnar stendur því síður undir nauðsynlegum


fjárfestingum. Skýrir það að hluta aukna lántöku greinarinnar sem m.a. er hugsuð til að fjármagna fjárfestingar sjávarútvegsfélaga.

Arðgreiðslur til eigna sjávarútvegsfélaga námu 14,5 mö.kr. á árinu 2017 og hækkuðu um 2,8 ma.kr. frá árinu 2016 eða sem nemur 24%. Arðgreiðslur sem hlutfall af EBITDA fyrra árs jukust um tíu prósentustig og var hlutfallið í 26% á árinu 2017. Hafa ber í huga að arðgreiðslur koma til vegna hagnaðar ársins á undan.

Fjárfestingar í íslenskum sjávarútvegi (ma.kr.)



Arðgreiðslur í íslenskum sjávarútvegi (ma.kr.)



Tæpir 16 ma.kr. í opinber gjöld

Veidigjöld næstum helmingur opinberra gjalda greinarinnar á árinu 2017


Opinber gjöld sjávarútvegsfélaga námu um 15,8 mö.kr. á árinu 2017 og lækkuðu um 3,6 ma.kr. frá fyrra ári á föstu verðlagi. Veidigjöldin hækka engu að síður um 0,3 ma.kr. á árinu 2017 eða um 4,4%.

Tekjuskattur sjávarútvegsfélaga til greiðslu á árinu 2017 (rekstrarár 2016) lækkaði um 3,6 ma.kr. eða 46%. Áætlað greitt tryggingagjald lækkaði um 0,3 ma.kr. frá fyrra ári. Á árinu 2009 voru tryggingagjöld stærsti hluti beinna


opinberra gjalda sjávarútvegsfélaga eða um 61%, tekjuskattur var um 21% og veidigjöld 18%. Á árinu 2017 eru tryggingagjöld minnsti hluti beinna opinberra gjalda sjávarútvegsfélaga eða 26%. Hlutfallslega hafa veidigjöld aukist mest og voru á árinu 2017 stærsti hluti opinberra gjalda greinarinnar eða um 43%.

Skatttekjur ríkisins af sjávarútvegi hafa lækkað nokkuð frá árinu 2015 og skýrist það helst vegna minni tekjuskatts samhlíða minnkandi arðsemi í greininni.

Arðgreiðslur og bókfært eigið fé í íslenskum sjávarútvegi (ma.kr.)



Opinber gjöld í íslenskum sjávarútvegi (ma.kr. á verðlagi ársins 2017)



Umsjón

Samskipti og greining
greining@islandsbanki.is

Elvar Orri Hreinsson 440 4747
Jón Bjarki Bentsson 440 4634
Albert Freyr Eiríksson 440 4638

Útgáfudagur: 4. desember 2018